

mesta verkalýðsins á Íslandi til fylgis við sig, með því að taka forystuna í hagsmunabaráttu hans, jafnframt því að afhjúpa hið sanna eðli sósíalífasista.

Innan S. U. K. hefir ríkt óljós skilningur á hlutverki sósíaldemokratanna. Við höfum ekki skilið nógu vel nauðsyn stöðugar baráttu gegn og afhjúpunar á sviksemi ungratabroddanna, sem í einu og öllu eru samábyrgir foringjum Alþýðuflokksins. Við höfum vanmetið forystuhlutverk S. U. K. í baráttu verkalýðsæskunnar, einmitt vegna þess að við höfum ekki gert okkur fyllilega ljóst, að S. U. J. er í einu og öllu fjandsamlegt verkalýðsæskunni og gætir allt af hagsmuna auðvaldsins meðal vinnandi æskulýðs.

Sú flokksfjandsamlega klíkustarfsemi, sem átt hefir sér stað í K. F. Í. og hefir orsakast af skoðanamun á eðli og hlutverki sósíaldemokratísins, hefir endurspeglast í S. U. K., þó að þar hafi líka verið deilt um nauðsyn gagnrýnnar, sem ákveðnir félagar hafa haft andúð á og jafnvel reynt að bringla saman við persónulegar ofsóknir. Þessir ákveðnu félagar hafa stutt hinar röngu skoðanir fél. Stefáns Péturssonar, tekið upp baráttu gegn þeim félögum, sem börðust fyrir pólitískri stefnu flokksins og Komíntera, og þar með skerpt mjög deilurnar í S. U. K. Þess vegna hefir A. U. K. (K I M) sent S. U. K. á Íslandi bréf, þar sem það hvetur okkur til einingar um hina réttu pólitísku stefnu K. F. Í., til baráttu gegn hægri villun-

um. Það bendir okkur á þýðingu gagnrýnnar og nauðsyn þess, að í sambandinu ríki járnharður agi. Loks gerir A. U. K. okkur ljóst, að klíkustarfsemi er gjörsamlega ósamrýmanleg grundvallaratriðum bolsjevismans.

Það er í raun og veru ekki að furða, þó að samband okkar, sem fyrir örskömmum tíma var sósíaldemokratískt, líði ennþá af leyfunum frá sósíaldemokrötunum og hugsunarhætti þeirra. Það er einmitt ofur skiljanlegt, að hægri villurnar eigi djúpar rætur í S. U. K., en hin öra, vaxandi röt-tækni verkalýðsæskunnar leggur forystuliði hennar, Sambandi ungra kommúnista, þá skyldu á herðar, að vinna þegar í stað bug á þessum villum, sem hafa haldið því niðri og einangrað það. — Ábyrgðarleysi, vöntun á fórnfýsi og byltingasinnaðri alvöru, vanmat á forystuhlutverki S. U. K., skilningsleysið á starfinu í fagfélögunum og á vinnustöðvunum, allt eru þetta andlegar leyfar frá sósíaldemokratíinu, sem er stærsti Þrándur í Götu fyrir því, að S. U. K. geti eflst. —

Hlutverk 5. þingsins verður það fyrst og fremst, að ráða niðurlögum hægri villanna og skipuleggja betra og árangursríkara starf innan S. U. K., því að eingöngu gegnum virkt starf mun okkur takast að vinna bug á villunum, vinna bug á áhrifum sósíaldemokrata og annara borgara innan samtaka okkar.

Áki Jakobsson.

ákæru sína opinberlega, en reynda að starfa sem mest í myrkrinu. Þegar svona var komið skoruðu 97 kjósendur á hrepps- og skólameind að halda fund og upplýsa málið, en báðar neituðu. Boðuðu 15 hreppsþáar (aðeins 3 þeirra kommúnistar) til opinbers fundar og skoruðu á áður nefndar 2 nefndir að mæta. Úr skólameind mætti aðeins Páll Magnússon, en úr hreppsnefnd enginn annar en Arnf. Jónsson skólastjóri. Tók Páll það fram í ræðu sinni, að hann áliti að skólameind hefði ekki það mikinn skilning á fræðslustörfum, að hún gæti veitt neina undanþágu að órannsökuðu máli. Fundurinn, sem mættur var á fjöldi manns, vitti harðlega árásinar á skólann og kaus 5 manna nefnd til að hafa forystuna í baráttunni gegn ofsóknum borgaranna. Síðan hefir skólameind, þrátt fyrir mótmæli fræðslumálastjóra, samþykkt að veita undanþáguna. Ól. H. Sveinsson og sýslumaður Suður-Múlasýzlu eru aðalsprauturnar í þessu ofsóknaræði og gengur sýslumaður fremst í því að brjóta ákvarðanir laganna um kenningu í barnaskólum (svo ekki sé minnst á bannlögin!). Og nú er sýslumaður búinn að ráða smíð til að setja í stand sérskólann. Vinnan við það mun kosta 200—300 kr., þar að auki efni í bekkir o. þ. h. Ennfremur kennaralaun, húsaleiga og kennslutæki. Hver borgar? Hafa verkamennirnir, sem skrifuðu undir skjalið, athugað það? Vissulega ekki. Vegna þessa og margs annars, þorðu borgarasprauturnar ekki að mæta á fundinum, sem boðað var til, því þá vissu þeir yrðu að upplýsa málið og afhjúpa tilgang sinn í þessu máli.

Ekki er enn kunnugt hverjir eigi að vera kennarar við nýja skólann. Er það rétt, að Karl Jónsson eigi að verða kennari eða jafnvel skólastjóri við sérskólann? Sé svo, verður að krefjast þess, að eftirfarandi atriði verði skýlaust upplýst: 1. Var það til að undirbúa sérskólann, að Karl var ráðinn skólastjóri s.l. vetur meðan Arnf. Jónsson var í Reykjavík? 2. Var það í undirróðursskyni, að Karl stofnaði málfundafélag í skólanum og lét það strax frá upphafi fjalla um pólitískt dægurmál? 3. Var það til þess að undirbúa þessa ofsóknarherferð, að Karl hafði enga stjórn á börnunum og reitti þau svo til reiði, að eitt þeirra (Sveinn sonur Ól. H. Sveinssonar) grýtti í hann hrákadalli í kennslustund? 4. Reyndist stjórnsemi Karls í skólanum svo frábær, að skólameind treystist til að verðlauna hana með því að feila Karli fræðslu og skólauppeldi tornæmustu og siðferðilega vangæfustu barnanna, sem s.l. ár voru í skólanum (en þau eru öll í hópi þeirra barna, sem undanþágan nær til)?

Skólamálið á Eskifirði.

Verkamannsbréf.

»Hér er nú byrjuð deila út af barnaskólanum. Foreldrar og aðstandendur barna neita að láta börn sín í skóla til Arnfinns Jónssonar og Jóns Valdimarssonar, sem báðir eru róttækir kommúnistar og gera allt, sem þeir geta, til að innræta börnunum þá stefnu.«

Svona hljóða fréttirnar í Morgunblaðinu 3. okt. um skólamálið á Eskifirði. Þetta er — eins og hver önnur frétt, sem Morgunbl. flytur, þegar það getur komið orðinu kommúnisti við — tilhæfulaust. Hér skal gefin dálitil skýring á gangi málsins.

Skömmu áður en setja átti barnaskólann hér, létu borgararnir ganga með skjal um bæinn til undirskrifta og á hausnum á því stóð eftirfarandi:

»Vér undirrituð, sem erum sáróánægð með það agaleysi og siðleysi, sem ríkt hefir í barnaskóla Eskifjarðar undanfarin r og sem virðist fara vaxandi með ári

hverju, förum þess á leit við hina háttvirtu skólameind, að hún veiti leyfi til þess, að þau börn, sem við höfum foreldraráð yfir og skólaskyld eru, þurfi ekki að sækja skólann næsta vetur og munum vér útvega þeim fræðslu utan skóla undir því eftirliti, sem skólameind kann að æskja.«

Undir þetta skjal skrifuðu 43, 5 þeirra höfðu aldrei átt barn í skóla, 4 áttu ekkert skólaskyld barn, 10 þeirra höfðu áður rætt við skólastjóra um nám barnanna, en ekkert þeirra höfðu nokkru sinni minnst á *aga-* og *siðleysi* í skólanum. Þetta fólk hélt fund með sér og var skólameind boðið á hann. Engum öðrum en þeim, sem skrifað höfðu á skjalið, var leyðð innganga og borgararnir fóru ekki með skjalið til annara en þeirra, sem þeir vissu að voru fylgismenn þeirra. Þorðu burgeisarnir auðsjáanlega ekki að ganga hreint til verks og bera fram